

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 28. desember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 122/2000 um Ríkisútvarpið (24. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er m.a. ætlað að breyta stjórn Ríkisútvarpsins.

Innlent efni

Í 1. gr. er lagt til að bætt verði við lög um RÚV ákvæði um að stefnt skuli að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur. Ef ríkið ætlar sér að standa í fjölmiðlarekstri er að sjálfsgöðu eðlilegast að slíkir fjölmiðlar sinni eingöngu menningarhlutverki með því að birta fyrst og fremst innlent menningarefni. Nægt framboð er í einkareknum fjölmiðlum af erlendu efni og öðru afþreyingarefni. Það er því enginn þörf á því að ríkið stundi samkeppni við einkaaðila hvað þetta varðar, t.d. með því að sýna amerískt afþreyingarefni. Viðskiptaráð tekur því undir þau sjónarmið sem fram koma í greininni.

Stjórn RÚV

Í 2. til 7. gr. eru lagðar til breytingar á stjórn RÚV. Viðskiptaráð sér ekki ástæðu til þess að stjórnfyriðkomulag RÚV ætti að vera með öðrum hætti en annara stofnana á vegum ríkisins. Það er óeðlilegt að aðrir en eigandi stofnunarinnar, þ.e. ríkið, stýri henni. Þess vegna væri mjög óeðlilegt fyrriðkomulag að t.d. starfsmenn eða utanaðkomandi hagsmunaaðila komi að stjórn stofnunarinnar.

Afnotagjöld

Í 8. og 9. gr. eru lagðar til breytingar á innheimtu afnotagjalda. Viðskiptaráð hefur áður list þeirri skoðun sinni að einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að standa straum af kostnaði við rekstur RÚV sé að setja stofnunina á fjárlög þannig að almennir skattar standi straum af rekstrinum. Með slíku fyrriðkomulagi þyrfti ekki að halda úti sérstöku innheimtuferli í kringum þessa gjaldtöku.

Viðskiptaráð leggur til að aðeins 1. gr. nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs